

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Nabbi, deiliskipulag spildu á landbúnaðarlandi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 13. desember 2023, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðarinnar Nabba, lnr. 232497, sem er 14.225,4 m² að stærð. Lóðin er staðsett í Sandvíkurhreppi hinum forna. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja frístundahús og gestahús auk skemmu. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, þar sem landið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Austurvegur 11 og Tryggvagata 8, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 13. desember 2023, í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir „Austurveg til Ölfussár milli Sigtúns og Fagurgerðis, með gildistöku árið 1989.“

Breytingin tekur til verslunar- og þjónustulóðanna að Austurvegi 11 og Tryggvagötu 6 á Selfossi.

Markmið breytingarinnar er að heimila uppbyggingu í samræmi við stefnur og ákvæði sem sett eru fram í nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Breyting á gildandi deiliskipulagi felst í að nýtingarhlutfall á lóðinni Austurvegur 11 er aukið úr 0,6 í 2,0 ofanjarðar og 1,0 neðanjarðar, sem er í samræmi við ákvæði um miðsvæði (M4), í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Tryggvagata 6 breytist og verður Tryggvagata 8 og mun þjóna Austurvegi 11 sem bílastæðalóð. Heimilt verður byggja á Austurvegi 11 allt að 4 hæða hús auk bílakjallara.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 5. apríl 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2024